

## GJALDSKRÁ vatnsveitu Húnabings vestra.

1. gr.

*Vatnsgjald.*

Almennt vatnsgjald skal vera 0,27% af fasteignamati mannvirkja og lóða. Gjalddagar almenss vatnsgjalds eru þeir sömu og sveitarstjórn ákveður hverju sinni vegna álagðra fasteignagjalda í sveitarféluginu.

2. gr.

*Aukavatnsgjald.*

Aukavatnsgjald til stórnotenda er 16 kr./m<sup>3</sup>.

3. gr.

*Heimæðagjald vatnsveitu.*

Notendur greiða heimæðagjöld sem miðast við að idráttarrör fyrir heimæðar hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitunnar að inntaksstað við mannvirkið og að lega og frágangur idráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitunni.

| <i>Pvermál inntaks</i> | <i>Heimæðagjald</i> | <i>Yfirlengd</i> |
|------------------------|---------------------|------------------|
| 32 mm eða minna        | 132.000 kr.         | 3.200 kr./m      |
| 40 mm                  | 184.000 kr.         | 4.200 kr./m      |
| 50 mm                  | 260.000 kr.         | 6.300 kr./m      |
| 63 mm                  | 525.000 kr.         | 7.400 kr./m      |
| 75 mm                  | 790.000 kr.         | 8.500 kr./m      |

Heimæðagjöld fyrir stærri inntök eru reiknuð sérstaklega hjá tæknideild. Viðbótarkostn-aður/yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 m á lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæða-gjald skal greitt þegar lokið hefur verið við tengingu vatnsveitunnar við viðkomandi mannvirki. Heimæðagjald breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Ofangreint verð tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar sem tók gildi 1. nóvember 2020 og var 148,4 stig.

4. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðagjalds. Vatnsgjald og heimæða-gjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign næstu tvö árin eftir gjalddaga og eru aðfararhæf samkvæmt 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

5. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Húnabings vestra er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu Húnabings vestra nr. 1101/2019.

*Hvammstanga, 26. nóvember 2020.*

**Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir** sveitarstjóri.